# ÁRSHLUTAUPPGJÖR – F1 2020

## KYNNINGARFUNDUR 30. APRÍL 2020

**FINNUR ODDSSON**, FORSTJÓRI

**GUNNAR PETERSEN**, FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA

## DAGSKRÁ

NIÐURSTÖÐUR
FRÉTTIR AF STARFSEMI
FJÁRHAGUR
HORFUR

# HELSTU UPPLÝSINGAR

| | 2020<br>F1 | % |
|---|---|---|
| **Tekjur** | **4.277 mkr** | 20,4% YOY |
| **Framlegð** | **1.050  mkr** | 24,6% af tekjum |
| **Heildarhagnaður** | **425 mkr** | 9,9% af tekjum |
| **EBITDA** | **237 mkr** | 5,5% af tekjum |

# FRÉTTIR AF STARFSEMI

# FRÉTTIR AF STARFSEMI SAMSTÆÐU ORIGO

## STERKUR TEKJUVÖXTUR Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI

- Rekstur á F1 gekk vel þrátt fyrir mikla röskun á starfsemi vegna COVID-19
- Umfangsmiklar aðgerðir til að verja starfsfólk og starfsemi hafa gengið vel
- EBITDA niðurstaða sú sama og í fyrsta ársfjórðungi 2019
  - Viðskiptakröfur niðurfærðar nú vegna mikillar óvissu
- Heildarhagnaður tvöfaldast á milli ára – mikil áhrif gengisveikingar ISK
- Rekstur tekjusviða almennt að þróast í rétta átt
  - Uppgrip í sölu notendabúnaðar og stór innviðaverkefni styðja við tekjuvöxt
  - Afkoma af sölu á notendabúnaði, hýsingar- og rekstrarþjónustu batnar
  - Áframhaldandi vöxtur hugbúnaðartengdrar starfsemi en afkoma heldur lakari
- Óvissa um horfur í efnahagslífi og áhrif á rekstur Origo
  - Sterk fjárhagsstaða og þol fyrir ágjöf
  - Áhugaverð tækifæri í UT til lengri tíma



# VIÐBRÖGÐ ORIGO VIÐ COVID-19 FARALDRI

## HEILSA OG REKSTRARÖRYGGI Í FORGANGI

- Vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis (ISO 27001) og vel skilgreind viðlagaáætlun
  - Viðlagaáætlun virkjuð í janúar og á neyðarstig 8. mars
  - Origo styður við kerfislega mikilvæga innviði samfélagsins
- Ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsfólks og rekstrarsamfellu
  - Starfstöðvum skipt upp og samgangur takmarkaður
  - Tæplega 90% af öllu starfsfólki vinnur að heiman
  - Allir fundir innanhúss og með samstarfsaðilum á rafrænt form
  - Gagngerar breytingar á kynningarstarf og viðburðum
- Þjónustugeta Origo hefur haldist nánast óskert og engin frávik hafa orðið í rekstri
  - Ánægja viðskiptavina með þjónustu og fagleg forvarnarviðbrögð

# FRÉTTIR AF STARFSEMI

**Notendabúnaður og tengd þjónusta** | Rekstrarþjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta

- **Tekjur voru 1,7 miakr og EBITDA um 4% af veltu**
- 38% veltuaukning og jákvæður viðsnúningur í rekstri
- Mikil eftirspurn eftir búnaði til fjarvinnu, einkum fartölvum, skjám og hljóð og myndlausnum
- Mikið álag á starfsfólki við að taka við pöntunum, afgreiða vörur og tryggja lagerstöðu
- Óvissa til skemmri og millilangs tíma
- Almennt gert ráð fyrir að töluvert verði byggt á fjarvinnu eftir faraldurinn og eftirspurn eftir notendabúnaði verði áfram ágæt



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

Notendabúnaður og tengd þjónusta | **Rekstrarþjónusta og innviðir** | Hugbúnaður og tengd þjónusta

- **Tekjur voru 1,4 miakr og EBITDA um 5% af veltu**
- 17% veltuaukning og bætt afkoma
- Viðsnúningur í afkomu afrakstur hagræðingarstarfs
- Sala á innviðalausnum var góð í fjórðungnum
- Viðskiptavinir í auknum mæli að útvista rekstri og hýsingu upplýsingatæknikerfa
- Þjónustu í þremur fullkomnum gagnvaverum í þremur landshlutum
- Áhersla á að efla þekkingu í skýja- og öryggislausnum og sjálfvirknivæðingu
- Óvissa með rekstrarhorfur hjá lykilviðskiptavinum
- Til skemmri tíma má gera ráð fyrir samdrætti þjónustutekna
  - Brugðist við með hagræðingu og úrræða stjórnvalda



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrarþjónusta og innviðir | **Hugbúnaður og tengd þjónusta**

- **Tekjur voru 1,2 miakr og EBITDA um 8% af veltu**
- Hægari tekjuvöxtur og afkoma dregst saman
  - Aukningar í gjaldfærðri þróun
  - Undirbúnings fyrir ný þróunarverkefni á borð við Stafrænt Ísland
  - Samdrætti í útseldri forritunarvinnu
  - Afskriftum viðskiptakrafna tengdum áfalla í ferðaþjónustu

- Tekjur af sölu á viðskiptahugbúnaði og tengdri ráðgjöf jukust töluvert
  - Áskriftartekjur vegna mannauðs- og launakerfisins Kjarna vaxa hratt
  - Þróun og innleiðing lausna fyrir fjármálastarfsemi gekk vel
  - Meiri áhugi á sjálfvirkni og rafrænum viðskiptalausnum

- Ferðalausnir hefur þróað og selt sérsniðnar lausnir fyrir Ferðaiðnaðinn
  - Vegna Covid-19 er ekki gert ráð fyrir að rekstraráætlanir gangi eftir
  - Dregið verður úr þróun og launakostnaður lækkaður samhliða tekjulækkun
  - Horfur til lengri tíma fyrir ferðalausnir enn áhugaverðar



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

| Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrarþjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta |
|---|---|---|

- Heilbrigðislausnasvið Origo hefur staðið í ströngu
  - Mikil eftirspurn eftir vörum og þjónustu á fjórðungnum, m.a. til að styðja enn betur við stafræn samskipti og fjarþjónustu
  - Þróun á virkni í Heilsuvera.is hefur verið hraðað
- Tekjur Applicon í Svíþjóð jukust um 9% í fjórðungnum og afkoma styrktist
  - Verkefnastaða góð næstu mánuði
- Fyrsta útgáfa af Servado kom út í byrjun árs
  - Ný lausn sem Origo hefur þróað og notað innanhús í nokkurn tíma
  - Vinnur á móti Jira umhverfinu frá Atlassian með svipuðum hætti og Tempo
  - Einfaldar þjónustuferla, flæði beiðna og auðveldar notendum að auka sjálfvirkni í innra starfi
  - Servado inn á Marketplace Atlassian í byrjun mars



# FRÉTTIR AF STARFSEMI

## Tempo

- **Tekjur voru 7,5 mUSD og EBITDA yfir áætlunum á fyrsta ársfjórðungi**
- 27% tekjuvöxtur og hagnaður af starfsemi
- Covid-19 hefur áhrif á markaðs- og kynningarstarf
- Höfuðstöðvar Tempo fluttar til Bandaríkjanna í mars en megin starfsstöðvar áfram í Reykjavík og Montreal
- Gengið var frá kaupum á fyrirtækinu Prime Timesheets í byrjun árs og fleiri kauptækifæri í skoðun
- Áhrif Covid-19 faraldursins á rekstur Tempo enn óveruleg
- Tækifæri fyrir lausnir fyrir fjarvinnu



# REKSTUR OG EFNAHAGUR

GUNNAR PETERSEN

FRAMKVÆMDARSTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

# REKSTRARREIKNINGUR F1 2020

## STERKUR TEKJUVÖXTUR

- **20,4% tekjuvöxtur**
  - Tekjur 4,3 miakr
  - Tekjuvöxtur í öllum starfsþáttum
  - Mesti vöxturinn í sölu á Notendabúnaði og tengdri þjónustu 38%
- **Framlegð 24,6% sbr við 25,9% 1F 2019**
  - Framlegð 1,05 miakr
- **Rekstrarkostnaður nam 983 mkr**
  - 23% af tekjum sem er svipað hlutfall og fyrra ár
- **EBITDA hækkar um 15% á milli ára leiðrétt fyri niðurfærslu viðskiptakrafna**
  - Stöðug EBITDA
  - Færðar voru niður viðskiptakröfur að verðmæti 37 mkr vegna óvissu







* Tekjur og EBITDA innifela ekki tölur frá Tempo ehf sem var hluti af samstæðu til nóvember 2018

.origo.

# REKSTRARREIKNINGUR F1 2020

## GENGISSVEIFLUR HAFA MIKIL ÁHRIF Á HEILDARHAGNAÐ TÍMABILSINS

- **Hrein fjármagnsgjöld námu 126 mkr**
  - Hrein fjármagnsgjöld voru 58 mkr á sama tíma í fyrra
  - 100 mkr gengistap í fjórðungnum
- **Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur- og hlutdeildarfélaga nam 460 mkr**
  - Eignarhlutur í Tempo skýrir stærsta hlutan af þessu
- **Nauðsynlegt að horfa á ofangreinda liði saman þar sem þeir sveiflast í sitt hvorra áttina með gengissveiflum ÍSK**

| Í milljónum ISK | F1 2020 | F1 2019 |
|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 4.277 | 3.553 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þj. | (3.227) | (2.631) |
| **Framlegð** | **1.050** | **922** |
| Rekstrarkostnaður | (983) | (825) |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | **68** | **96** |
| Fjármunatekjur | 6 | 15 |
| Fjármagnsgjöld | (132) | (58) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | **(126)** | **(43)** |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 11 | 21 |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | **(48)** | **75** |
| Tekjuskattur | 12 | (11) |
| **(Tap) hagnaður tímabilsins** | **(35)** | **64** |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi dóttur og hlutdeildarfélaga | 460 | 149 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | **425** | **213** |
| | | |
| **EBITDA** | **237** | **237** |

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## STERKUR EFNAHAGUR Á ÓVISSUTÍMUM

- **Fastafjármunir hækka um 398 mkr frá árslokum 2019**
  - Rekstrarfjármunir lækka um 104 mkr
  - Hækkun íá eignarhlut Tempo í krónum
- **Birgðir lækka um 126 mkr**
- **Handbært fé í lok ársfjórðungs 900 mkr**
- **Sterkur efnahagur til að styðja við áframhaldandi vöxt og fjárfestingar**

| Í milljónum ISK | 31.03.2020 | 31.12.2019 |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 1.925 | 2.029 |
| Óefnislegar eignir | 2.880 | 2.845 |
| Tekjuskattseign | 36 | 18 |
| Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi | 3.139 | 2.684 |
| Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur | 155 | 161 |
| **Fastafjármunir** | **8.135** | **7.738** |
| Birgðir | 1.196 | 1.321 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 2.046 | 2.000 |
| Handbært fé | 900 | 826 |
| **Veltufjármunir** | **4.141** | **4.147** |
| **Eignir samtals** | **12.277** | **11.885** |
| | | |
| **Eigið fé** | **7.209** | **6.817** |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 607 | 579 |
| Leiguskuldbindingar | 1.316 | 1.392 |
| **Langtímaskuldir** | **1.923** | **1.972** |
| Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga | 308 | 310 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 60 | 61 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.777 | 2.725 |
| **Skammtímaskuldir** | **3.145** | **3.095** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **12.277** | **11.885** |

# EFNAHAGUR STERKUR

## MIKIL STYRKUR TIL AÐ FYLGJA EFTIR VAXTAMÖGULEIKUM EÐA TIL AÐ MÆTA ÓVISSU

- Félagið fjárhagslega sterkt
- Eiginfjárhlutfall áfram sterkt
- Veltufjárhlutfall innan markmiðs









# SJÓÐSTREYMI

- Skuldir sem söfnuðust upp í F4 2018 voru greiddar niður í F1 2019 sem skýrir neikvætt handbært fé frá rekstri F1 2020
- **EBITDA var 237 mkr**
- **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum voru jákvæðar um 84 mkr**
- **Handbært fé frá rekstri var 295 mkr á F1 2020**






# HELSTU ATRIÐI OG HORFUR

# HELSTU ATRIÐI OG HORFUR

**Helstu atriði í uppgjöri**

- Ágæt rekstrarniðurstaða á F1 og sterkur fjárhagur
- Góð þróun í rekstri tekjusviða; jákvæð EBITDA afkoma af öllum starfsþáttum
- Óvissa um þróun íslensks efnahagslífs næstu mánuði – það sama gildir um rekstur Origo
- Tækifæri felast í auknu vægi upplýsingatækni í kjölfar Covid-19 faraldurs

**Horfur í rekstri Origo eru almennt ágætar, sérstaklega til lengri tíma**



# SPURNINGAR?

# FYRIRVARI

*Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu.*

*Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Þessi kynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.*

*Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.*

.origo.